

5. gr.

Þegar sjóðurinn er orðinn kr. 25000.00, að viðlögðum vöxtum og vaxtavöxtum, er stjórn sjóðsins heimilt að nota ársvexti hans eftir þörfum, en höfuðstól má eigi skerða, fyrr en hann nemur kr. 50000.00, en þá er sjóðstjórn heimilt að taka til notkunar allt að $\frac{1}{10}$ hluta hans, enda séu a. m. k. 5 stjórnarmeðlimir mættir á fundi og ræður þá einfaldur meiri hluti.

18

1. febr.

6. gr.

Stjórn sjóðsins skipa 7 menn, sóknarnefnd, safnaðarfulltrúi og sóknarprestur, og er hann formaður sjóðstjórnar, en gjaldkeri sóknarnefndar skal annast gjaldkerastörf fyrir sjóðinn og nauðsynlegt bókhald.

7. gr.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið. Reikninga skal endurskoða af tveimur mönnum, er almennur safnaðarfundur tilnefnir. Bera skal reikningana upp til samþykktar á almennum safnaðarfundum.

8. gr.

Fé sjóðsins skal ávaxta í útibúi Útvegsbankans á Seyðisfirði, eða á öðrum þeim stað, er talizt geti jafntryggur.

9. gr.

Sjóðstjórn ber engin þóknun fyrir störf sín vegna sjóðsins, en gjaldkera má launa eins og stjórninni þykir sanngjarnt.

10. gr.

Skipulagsskrá þessari má ekki breyta nema $\frac{2}{3}$ stjórnarinnar séu því samþykkir.

Skipulagsskrá þessi var samþykkt þannig á sóknarnefndarfundum á Seyðisfirði 18. nóvember 1948.

Erl. Sigmundsson. Jón Vigfússon. Gísli Jónsson.

Guðrún Gísladóttir. Jóh. Arngrímsson.

REGLUGERÐ

um flutningsrétt á ritverkum og tónsmíðum.

19

1. febr.

1. gr.

Höfundafélög eða heildarsamtök höfunda fara með almenna aðild til þess að semja um flutningsrétt á ritverkum og tónsmíðum, sem verndar njóta samkvæmt lögum um rithöfundarétt og prentarétt, nr. 13 frá 20. október 1905, enda hafi þau áður öðlast löggildingu menntamálaráðuneytisins. Löggilding skal veitt með þeim skilyrðum, sem menntamálaráðuneytið telur nauðsynleg.

2. gr.

Aðila, sem öðlazzt hefur löggildingu samkvæmt 1. gr., skal heimilt að setja gjaldskrá um flutning verka þeirra, sem löggilding hans nær til. Gjaldskrá skal birta í Lögbirtingablaðinu.

19

1. febr.

3. gr.

Rétthafar tónverka og ritsmíða, sem hvorki eru meðlimir löggilts félags né hafa veitt því umboð til að gæta hagsmuna sinna, skulu njóta sama réttar og meðlimir félagsins, að því er snertir upphæð greiðslu fyrir flutning verka þeirra. Innheimtu og aðra hagsmunagæzlu en að framan segir annast félagið einungis samkvæmt umboði í samræmi við samþykktir félagsins.

4. gr.

Menntamálaráðuneytið sker úr ágreiningi um túlkun reglugerðar þessarar.

5. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í lögum nr. 49 frá 14. apríl 1943 og kemur í stað reglugerðar nr. 12 frá 21. janúar 1947.

6. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Menntamálaráðuneytið, 1. febrúar 1948.

Eysteinn Jónsson.

Birgir Thorlacius.

20

3. febr.

GJALDSKRÁ

fyrir Rafveitu Reyðarfjarðar.

I. RAFORKA

Rafveita Reyðarfjarðar selur raforku á þann hátt og við því verði, sem hér segir:

A. Lýsing.

1. Um kwst.mæli á kr. 1.20 hver kwst. Við þessu verði skal selja hvers konar raforkunotkun, sem ekki kemst undir aðra liði þessarar gjaldskrár.
2. Um kwst.mæli á 45 aura hver kwst., auk fastagjalds, er nemi 50 aurum á mánuði á hvern m² gólfflatarmáls í rúmi því, er lýsa skal. Fullt fermetragjald skal greiða af gólfleti í búðum, skrifstofum og vinnustofum, en fyrir geymslur og ganga skal greiða 20 aura á mánuði af m².
3. Til götu- og hafnarlýsinga um kwst.mæli á 80 aura hver kwst.

B. Almenn heimilisnotkun.

Um kwst.mæli á 30 aura hver kwst. fyrir fyrstu notkun, er nemi:

Í íbúð, sem er 1 herbergi og eldhús, 1300 kwst. á ári			
—, —, —	2	—, —, —	1600 —, —, —
—, —, —	3	—, —, —	1900 —, —, —
—, —, —	4	—, —, —	2100 —, —, —
—, —, —	5	—, —, —	2300 —, —, —
—, —, —	6	—, —, —	2400 —, —, —
—, —, —	7	—, —, —	2500 —, —, —

Notkun umfram þetta greiðist með 15 aurum hver kwst. Auk þess skal greiða